

Til: Skólustjórnenda - verkefnastjóra vegna Forvarnardagsins

Forvarnardagurinn 4. október 2017

Mikilvægar upplýsingar

Forvarnardagurinn verður haldinn miðvikudaginn 4. október nk. Með deginum er verið að koma á framfæri þremur heillaráðum sem rannsóknir hafa sýnt að geta stuðlað að því að ungmenni verða síður áfengi og fíkniefnum að bráð.

Myndbandi ásamt spurningunum fyrir umræðuhlutann er halað niður af heimasíðu Forvarnardagsins: www.forvarnardagur.is. Verkefnastjórar innan skólanna bera ábyrgð á að sé gert. Undir liðnum „innskráning“ setja verkefnastjórar inn **notendanafn: kennari og lykilorð: samvera**.

Verkefnastjórum er ráðlagt að hala efninu niður og prufukeyra nokkrum dögum fyrir Forvarnardag. Þegar verið er að hala niður efninu niður rétt fyrir fyrirhugaða dagskrá koma stundum upp einhver tæknivandamál og lítil tími til stefnu að bregðast við. **Vinsamlega halið niður margmiðlunarefni og prentið út umræðuspurningar með góðum fyrirvara.**

Rattleikur. Rattleiknum er svarað af ungmennum á www.forvarnardagur.is í þeirra frítíma og eyðublöðin með spurningum rattleiksins eru inni á svæði kennara undir - *upplýsingar*. Inni á heimasíðunni er aðgengi að myndbandi frá fjöldahreyfingunum ÍSÍ, UMFÍ og Skátum sem sýna má til að vekja áhuga á starfsemi félaganna og tækifæra til að taka þátt. Rattleikurinn er vel auglýstur á facebook og er hann hugsaður til þess að nemendur fari inn á vefsíður fjöldahreyfinganna og svari spurningum um þær í leiknum. Vegleg verðlaun eru fyrir þá sex aðila sem eru dregnir út og verða þeir nemendur boðnir til Bessastaða með fjölskyldu sinni á veglega verðlaunaafhendingu. Sú stund er afar hátíðleg og því til mikils að vinna.

Dagskráin miðast við 9. bekk. Undanfarin ár hefur dagskrá innan skólanna verið svipuð. Við höfum lagt til eftirfarandi dagskráröð og hefur hún verið notuð sem grunnur að verkefnum dagsins í skólunum:

1. **Verkefnastjóri verkefnisins** - *sá aðili sem hefur umsjón með verkefninu ávarpar nemendur og upplýsir um tilgang verkefnisins, kynnir rattleik og segir frá verðlaunum. Tími áætlaður 5 mín.*

2. **Umræðuhópar** með nemendunum þar sem fjallað er um þrjár spurningar innan hvers af áður nefndum þremur heillaráðum sem virka. Þessar spurningar eru prentaðar út af heimasíðunni (undir læsta svæðinu-upplýsingar). Kennarar stýra umræðum og tryggja að sem flest svör nemenda séu skráð og þeim síðan skilað á heimasíðu Forvarnardagsins. Gott er að skipa hópstjóra innan hvers hóps sem fer í tölvuver og setur svör hópsins inn á heimasvæðið aftur undir leiðbeiningum kennara. Mælt er með

*Því að kennari sé til staðar til að fylgist með ungmennunum og sjái til þess að svörin fari rétt inn. Smella á „skila niðurstöðum“ og fylla slá inn texta á viðeigandi svæði. Tími áætlaður **20 - 30 mín.***

3. Myndband sem framleitt hefur verið í tilefni dagsins (sótt á heimasíðu Forvarnardagsins www.forvarnardagur.is) inniheldur m.a. ávarp forseta Íslands og frásagnir góðra fyrirmynda eins og Páls Óskars, Ragnhildar Steinunnar, Jóns Jónssonar og Annie Mist svo að dæmi séu nefnd. Myndbandið tekur um 20 mínútur í sýningu.

Dagskráin í heild sinni ætti að taka 70-80 mínútur og hefst víðast hvar milli klukkan 10:00 – 11:30. Tímasetningin er þó alfarið val skólans. Nemendurnir fara svo á heimasíðu Forvarnardagsins (í sínum frítíma) til að svara spurningunum net-rattleiks en opnað verður fyrir svarmöguleika á Forvarnardaginn. Net- rattleikurinn er opinn til 18. október nk. Þá verður dregið úr réttum lausnum og haft samband við vinningshafa og mun afhending verðlaunanna fara fram á Bessastöðum.

Fulltrúi okkar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur sent sveitarstjórnnum á landinu upplýsingar um tilgang og framkvæmd forvarnardagsins. Í því bréfi er óskað eftir að forvarnarfulltrúar sveitafélganna og (eða íþrótta- og tómstundafulltrúar) séu meðvitaðir um tilgang og starfsemi þá sem fer fram á forvarnardaginn.

Við hvetjum ykkur kærur verkefnastjórar að nýta ykkur þá umræðu sem skapast með Forvarnardegnum og hvetja alla þá sem starfa að málefnum barna og ungmenna í ykkar umhverfi til að nýta sér þau jákvæðu skilaboð sem dagurinn ber með sér.

Kær kveðja,
Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir,
Verkefnisstjóri Forvarnardagsins